

Viðbragðsáætlun vegna óverðurs og ófærðar

Skólaakstur: Bílstjóri tekur ávallt ákvörðun þegar skólaakstur er felldur niður en í samráði við skólastjóra.

Að morgni: Stefnt skal að því að ákvörðun um niðurfellingu skólaaksturs liggi fyrir kl. 7.00. Um leið og ákvörðun um niðurfellingu hefur verið tekin fyrir flyst ábyrgð ákvörðunar og komandi ferill í hendur skólastjóra.

Upplýsingagjöf:

1. skref Frétt um niðurfellingu skólaaksturs er sett á vef skólans <http://grunnskoli.fjallabyggd.is> og foreldrum sendur tölvupóstur.
2. skref Skólaritara tilkynnt um ákvörðunina svo hann geti gefið réttar upplýsingar strax við opnun skiptiborðs.

Foreldrar þurfa undir öllum kringumstæðum að meta hvort barn á erindi í skólann. Aðstæður fólks eru ólíkar og börnin misjafnlega í stakk búin til að fara út í vont veður. Foreldrar tilkynna skólanum um forföll vegna veðurs ef þeir treysta sér ekki til senda barn í skólann vegna veðurs, færðar eða slæms útlits.

Starfsmenn mæta á þá starfsstöð sem þeir komast til og taka þátt í því starfi sem fram fer þar. Áhersla skal lögð á manntal og niðurstöður bornar saman við forfallaskráningu. Þeir nemendur sem komast til skóla fara til sinna stofa samkvæmt stundaskrá eða í annað starf sem tekur við ef kennsla fellur niður.

Á skólatíma: Ef upp koma þær aðstæður að fella þarf niður skólaakstur á skólatíma eru meginreglur þessar:

Upplýsingagjöf:

- 1.skref Frétt um niðurfellingu skólaaksturs er sett á vef skólans <http://grunnskoli.fjallabyggd.is> og send foreldrum í tölvupósti
- 2.skref Skólaritara tilkynnt um ákvörðunina og hann skipuleggur úthringingu til foreldra.

Dvöl í skólanum: Í þessu tilviki þurfa nemendur að dvelja í skólahúsnaðinu þar til bílstjóri telur mögulegt að fara viðkomandi rútuferð. Í þessum tilvikum skal óska eftir fylgd lögreglu og/eða björgunarsveitar með skólabíl, af öryggisástæðum. Sú beiðni er á ábyrgð skólastjóra.

Ef forráðamenn óska þess að sækja börn sín, er það sjálfsagt. Skal þó alltaf fylgst grannnt með og skrá niður þær brottfarir nemenda.

Verstu aðstæður:

Ef dvöl barna í skólanum lengist verulega vegna óveðurs eða af öðrum ástæðum fá nemendur hressingu í boði skólans kl. 16.00 og aftur kl. 18.30. Eigi síðar en að loknu síðara matarhléi skal meta á ný stöðuna hvort hægt sé að flytja nemendur og starfsmenn til sinna heimkynna.

Ef hins vegar er ógjörningur er að flytja nemendur heim fyrir nóttina skal ákvörðun tekin um náttstað nemenda í samráði við foreldra. Skólinn skráir upplýsingar um dvalarstað nemenda. Skólinn útvegar gistirými fyrir þá nemendur sem það þurfa.

Ferli þetta skal kynnt foreldrum, nemendum og starfsmönnum.